

Ársskýrsla

Loftslags- og orkusjóðs 2025



Ársskýrsla Loftslags- og orkusjóðs 2025

Júlí 2026

Útgefandi: Loftslags- og orkusjóður

Útgáfunúmer: UOS-2026:18

Umsýsla sjóðsins er í höndum **Umhverfis- og orkustofnunar**

Suðurlandsbraut 24 Rangárvellir 2

108 Reykjavík 603 Akureyri

Sími 569 6000

www.orkusjodur.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Myndaskrá.....	4
Töfluskrá	4
Samantekt.....	5
1 Inngangur.....	7
1.1 Um Loftslags- og orkusjóð.....	7
1.2 Fyrsta starfsár nýs sjóðs.....	7
1.3 Stjórn Loftslags- og orkusjóðs.....	7
2 Styrkveitingar ársins.....	8
2.1 Beinir styrkir.....	8
2.2 Styrkir til samkeppnisverkefna.....	9
3 Ávinningur úthlutana	11
3.1 Beinir styrkir.....	12
3.2 Samkeppnishluti sjóðsins	13
3.2.1 Raforkusparnaður.....	13
3.2.2 Olíusparnaður	14
3.2.3 Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda.....	14
4 Kostnaðarskilvirkni og ábati	15

Myndaskrá

Mynd 1 Tímalína fyrir samkeppnishluta sjóðsins árið 2025.....	10
Mynd 2 Áætlað markaðsvirði olíu- og raforkusparnaðar í milljörðum króna, núvirt til 15 ára. 16	

Töfluskrá

Tafla 1 Lykiltölur beinna styrkja á árinu 2025.	5
Tafla 2 Auglýsingar í samkeppnishluta á árinu 2025.	5
Tafla 3 Skráðar fjárhagslegar skuldbindingar árið 2025.	8
Tafla 4 Styrkir til kaupa á hreinorkuökutækjum og nytjahjólum.	9
Tafla 5 Umsóknir í samkeppnishluta sjóðsins eftir auglýsingu.	9
Tafla 6 Úthlutanir úr samkeppnishluta sjóðsins árið 2025.	10
Tafla 7 Áætlaður ávinningur vegna styrkveitinga árið 2025 11	
Tafla 8 Samanburður á kostnaði við ávinning eftir auglýsingu.....	12
Tafla 9 Áætlaður olíusparnaður vegna rafbílastyrkja á árinu 2025.....	12
Tafla 10 Áætlaður raforkusparnaður vegna styrkverkefna sjóðsins 2025.	13
Tafla 11 Áætlaður olíusparnaður í samkeppnishluta sjóðsins.	14
Tafla 12 Áætlaður samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda.....	15
Tafla 13 Markaðsvirði orkusparnaðar vegið á móti styrkkrónu*.	16
Tafla 14 Orkuflæðireikningar árið 2024.	17

Samantekt

Loftslags- og orkusjóður varð til þann 1. júlí 2024 en árið 2025 er fyrsta heila starfsár sjóðsins. Árið var stórt hvort sem litið er til fjáruþlutana eða fjölda auglýsinga og mikill árangur náðist í orkuskiptum og orkunýtni fyrir tilstuðlan styrktra verkefna:

- **Rúmlega 10 milljarða skuldbinding:** Skráðar skuldbindingar ársins 2025 námu alls 10,4 milljörðum króna, þar af 8,6 ma.kr. vegna beinna styrkja til ökutækja og 2 ma.kr. vegna samkeppnisverkefna. Til frádráttar koma rúmlega 200 milljónir króna vegna afskrifta.
- **Um 7.200 ökutæki styrkt:** Sjóðurinn styrkti 7.199 ökutæki á árinu, þar af 6.724 fólks- og sendibíla, 453 hóp- og vörubifreiðar og 22 nytjahjól.

Tafla 1 Lykiltölur beinna styrkja á árinu 2025.

Gerð	Fjöldi styrktra ökutækja	Heildar styrkúthlutun (m.kr.)	
		m.kr.	%
Fólks- og sendibílar (N1, M1)	6.724	5.681	66,3%
Hóp- og vörubifreiðar (N2, N3, M2, M3)	453	2.883	33,6%
Nytjahjól	22	3,8	0,04%
Samtals	7.199	8.568	100%

- **Sjö samkeppnisverkefni auglýst:** Styrkir voru auglýstir til sjö átaksverkefna í samkeppnishluta sjóðsins fyrir um 3,6 milljarða en eftirspurn eftir styrkjum var rúmlega fjórföld á við auglýsta upphæð.

Tafla 2 Auglýsingar í samkeppnishluta á árinu 2025.

Auglýsing	Upphæð til úthlutunar (m.kr.)	Fjöldi umsókna	Umsótt upphæð (m.kr.)
Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita	1.000	48	4.594
Almenn auglýsing 2025	1.300	292	8.846
Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum I	160	16	145
Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum II	100	21	177
Styrkir til nýsköpunar í jarðvarmanýtingu	600	24	1.309
Styrkir til loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði	80	84	284
Styrkir til nýsköpunarlausna frá iðnaði sem fellur undir ETS kerfið	400	10	1.450
Samtals	3.640	495	16.805

Lokið var við úthlutun styrkja í átaksverkefnunum *Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum* og *Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita* sem og í almennri auglýsingu sjóðsins sem tók til samgangna, rekstrar, hringrásarverkefna og nýsköpunar. Alls voru 2 milljarðar króna skuldbundnir innan ársins 2025 og 148 verkefni hlutu styrk. Skuldbindingar vegna styrkja í átaksverkefnunum *Nýsköpun í jarðvarmanýtingu*, *Styrkir til loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði* og *Styrkir til nýsköpunarlausna frá iðnaði sem falla undir ETS kerfið* verða skráðar á árinu 2026.

- **Gríðarlegur ávinningur vegna styrktra verkefna:** Heilt yfir má áætla að styrkverkefni á árinu 2025 muni stuðla að olíusparnaði sem nemur **23 milljónum olíulítra á ársgrundvelli** og raforkusparnaði sem nemur **59 GWst á ársgrundvelli**. Raforkusparnaðurinn samsvarar árlegri raforkunotkun um 15.000 heimila eða um 20.000 rafbíla - nær þreföldum fjölda þeirra bifreiða sem sjóðurinn styrkti á árinu. Samdráttur í losun GHG vegna styrktra verkefna er talinn nema 52 kílótonnum af kolefnisígildum á ársgrundvelli **sem nemur um 2% af samfélagslosun Íslands á árinu 2024**.
- **Rúmlega 8 krónur í ábata á móti hverri styrkkrónu en mismunandi eftir auglýsingum:** Áætla má að sjóðurinn hafi stuðlað að olíu- og raforkusparnaði til 15 ára (hér eftir „ábati“) sem verðmeta má til **93 milljarða króna á núvirði. Ábatinn er rúmlega 8-faldur á við kostnað sjóðsins vegna styrktra verkefna**. Samkeppnisverkefnin eru þar metin langsamlega arðbærust en **ábati vegna samkeppnisverkefna er metinn 24-faldur á við kostnað sjóðsins. Ábati vegna beinna styrkja til ökutækja tæplega 4-faldur á við kostnað sjóðsins**. Áhugavert er að ábati vegna styrkja til hóp- og vörubifreiða er metinn hlutfallslega um 80% meiri en vegna styrkja til fólks- og sendibíla.

Að ofansögðu má draga þá ályktun að sjóðurinn hafi ráðstafað fjármunum til arðbærra verkefna á árinu 2025 í samræmi við hlutverk sjóðsins. Ábatagreiningin bendir þá til að æskilegt sé að forgangsraða frekari fjármunum til samkeppnisverkefna og leita leiða til að hraða rafvæðingu hóp- og vörubifreiða á landvísu. Orkuflæðireikningar atvinnugreina benda þá til að tækifæri gætu falist í þeim atvinnugreinum sem hafa lægst hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa t.d. í landbúnaði og byggingastarfsemi.

1 Inngangur

1.1 Um Loftslags- og orkusjóð

Loftslags- og orkusjóður starfar á grundvelli [laga nr. 79/2020](#) um Loftslags- og orkusjóð og [reglugerð nr. 1566/2024](#) um Loftslags- og orkusjóð með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda Íslands með stuðningi við verkefni sem miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlut innlendra endurnýjanlegra orkugjafa. Sjóðurinn styður auk þess verkefni sem stuðla að orkuöryggi og samkeppnishæfni í orkumálum í samræmi við loftslagsmarkmið stjórnvalda. Umhverfis- og orkustofnun annast daglega umsýslu sjóðsins undir yfirstjórn stjórnar sjóðsins.

1.2 Fyrsta starfsár nýs sjóðs

Loftslags- og orkusjóður varð til þann 1. júlí 2024 við sameiningu Loftslagssjóðs og Orkusjóðs og reglugerð um sjóðinn tók gildi í desember 2024. Árið 2025 er fyrsta heila starfsár sameinaðs sjóðs og umsýsla hans á höndum Umhverfis- og Orkustofnunar. Áður hafði umsýsla Orkusjóðs verið í höndum Orkustofnunar en umsýsla Loftslagssjóðs í höndum Rannís.

1.3 Stjórn Loftslags- og orkusjóðs

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipar fimm einstaklinga í stjórn Loftslags- og orkusjóðs til fjögurra ára. Um skipun stjórnar er fjallað í 2. gr. reglugerðar um sjóðinn.

Ný stjórn Loftslags- og orkusjóðs var skipuð í janúar 2025. Hana skipa:

- Vilhjálmur Hilmarsson (formaður)
- Diljá Mist Einarsdóttir
- Guðmundur Hörður Guðmundsson
- Jón Geir Pétursson
- Katrín Helga Hallgrímsdóttir

Stjórnin fundaði ellefu sinnum á árinu.

2 Styrkveitingar ársins

Á árinu 2025 námu skráðar skuldbindingar vegna styrkveitinga Loftslags- og orkusjóðs alls **10.364 m.kr.** Þar af voru 10.595 m.kr. vegna útgreiddra eða skuldbundinna styrkja innan ársins en 231 m.kr. bókfærðar sem tekjur vegna afskrifta eldri eða ónýtttra styrkja. Greiddar voru 8.568 m.kr. í beina styrki á árinu sem nemur 81% af heildarútgreiðslum ársins og 2.027 m.kr. í styrki til samkeppnisverkefna eða 19% af heildarútgreiðslum ársins.

Beinir styrkir eru annars vegar rafbílastyrkir, þ.e. styrkir til kaupa á hreinorku fólks- og sendibílum, og hins vegar styrkir til kaupa á hreinorku hóp- og vörubifreiðum og nytjahjólum. Sjá töflu að neðan og frekari umfjöllun um beina styrki og samkeppnisstyrki á næstu síðum.

Tafla 3 Skráðar fjárhagslegar skuldbindingar árið 2025.

Skipting	Skuldbindingar	
	m.kr.	%
Beinir styrkir	8.568	81%
Rafbílastyrkir (fólks- og sendibílar)	5.681	54%
Hóp- og vörubifreiðar, nytjahjól	2.887	27%
Styrkir til samkeppnisverkefna	2.027	19%
Samtals styrkir	10.595	100%
Afskriftir eldri eða ónýtttra styrkja	-231	-
Skuldbindingar ársins 2025	10.364	-

Að rafbíla- og nytjahjólstyrkjum undanskildum eru **fjárhagslegar skuldbindingar ekki skráðar fyrir en samningur um styrkveitingu hefur verið undirritaður.**

2.1 Beinir styrkir

Veittir voru beinir styrkir til kaupa á hreinorku- eða losunarfríum ökutækjum á árinu 2025 í eftirfarandi flokkum í samræmi við reglugerð:

- Fólksbílar í flokki M1, þ.m.t. leigubifreiðar og bílaleigubílar.
- Sendibílar í flokki N1 og vörubifreiðar í flokki N2 og N3.
- Hópfærðabílar í flokki M2 og M3.
- Nytjahjól

Árið 2025 voru **7.199 ökutæki styrkt** en þar af voru 6.724 fólks- og sendibílar, 453 hóp- og vörubifreiðar og 22 nytjahjól. Heildarupphæð styrkja á árinu vegna kaupa á hreinorku- eða losunarfríum ökutækjum nam **8.568 m.kr.** Þar af voru 66% greiddir til fólks- og sendibíla og rúmlega 33% til hóp- og vörubifreiða. Greiðslur til nytjahjóla voru hverfandi eða 0,04% af heildinni. Sjá töflu á næstu síðu.

Tafla 4 Styrkir til kaupa á hreinorkuökutækjum og nytjahjólum.

Skipting	Fjöldi styrktra ökutækja	Heildar styrkúthlutun	
		m.kr.	%
Fólks- og sendibílar (N1, M1)	6.724	5.681	66,3%
Hóp- og vörubílfreiðar (N2, N3, M2, M3)	453	2.883	33,6%
Nytjahjól	22	3,8	0,04%
Samtals	7.199	8.568	100%

2.2 Styrkir til samkeppnisverkefna

Árið 2025 voru birtar sjö auglýsingar um styrki í samkeppnishluta Loftslags- og orkusjóðs, þar af tengdust tvær auglýsingar sama verkefninu. Auglýsingarnar eru:

1. Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita
2. Almenn auglýsing 2025 – Áhersluflokkar:
 - a. Orkuskipti í samgöngum
 - b. Orkuskipti í rekstri eða orkusparnaður
 - c. Hringrásarhagkerfið
 - d. Innleiðing nýrrar tækni eða nýsköpun
3. Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum I
4. Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum II
5. Styrkir til nýsköpunar í jarðvarmanýtingu
6. Styrkir til loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði
7. Styrkir til nýsköpunarlausna frá iðnaði sem fellur undir ETS kerfið

Alls voru **3.640 m.kr.** auglýstar til úthlutunar í þessum sjö auglýsingum að ofan en eftirspurn eftir styrkjum var rúmlega fjórföld á við auglýst fjármagn eða **16.805 m.kr.** vegna **495 styrkumsókna**. Sjá töflu að neðan.

Tafla 5 Umsóknir í samkeppnishluta sjóðsins eftir auglýsingu.

Auglýsing	Upphæð til úthlutunar (m.kr.)	Fjöldi umsókna	Umsótt upphæð (m.kr.)
Nýting og leit á jarðhita	1.000	48	4.594
Almenn auglýsing 2025	1.300	292	8.846
Orkusparandi aðgerðir í gróðurhúsum I	160	16	145
Orkusparandi aðgerðir í gróðurhúsum II	100	21	177
Nýsköpun í jarðvarmanýtingu	600	24	1.309
Loftslagsvænar tæknilausnir í landbúnaði	80	84	284
Nýsköpun í iðnaði sem fellur undir ETS kerfið	400	10	1.450
Samtals	3.640	495	16.805


Styrkjum vegna fjögurra af sjö ofangreindum auglýsingum var úthlutað á árinu 2025 en hinna þriggja árið 2026. Úthlutanir árið 2025 voru vegna orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum I og II, til nýtingar og leitar á jarðhita og vegna almennrar auglýsingar (styrkir til orkuskipta í samgöngum, orkuskiptum í rekstri eða orkusparnaði, hringrásarverkefna og nýsköpunar). Úthlutun styrkja vegna annarra auglýsinga fór fram á árinu 2026.

Alls hlutu **148** verkefni samkeppnisverkefni styrk á árinu 2025 og nam heildarupphæð styrkvilyrða **2.696 m.kr.** Fjárhagsleg skuldbinding vegna úthlutunar er hins vegar aðeins skráð þegar samningur um styrkveitingu hefur verið undirritaður. Skráðar skuldbindingar á árinu vegna úthlutana úr samkeppnishluta sjóðsins námu alls **2.027 m.kr.**

Sjá að neðan í töflu og tímalínu.

Tafla 6 Úthlutanir úr samkeppnishluta sjóðsins árið 2025.

Auglýsing	Fjöldi styrktra verkefna	Styrkvilyrði (m.kr.)	Skuldbindingar alls (m.kr.)
Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita	18	1.032	936
Almenn auglýsing 2025	109	1.427	1.014
Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum I	10	118	77
Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum II	11	118	0
Samtals	148	2.696	2.027



Mynd 1 Tímalína fyrir samkeppnishluta sjóðsins árið 2025.

3 Ávinningur úthlutana

Styrkverkefni Loftslags- og orkusjóðs á árinu 2025 munu skila samfélaginu margvíslegum ávinningi í formi orkusparnaðar og minni losunar gróðurhúsalofttegunda. Heilt yfir má áætla að úthlutanir til auglýstra verkefna á árinu muni stuðla að olíusparnaði sem nemur **23 milljónum olíulíttra á ársgrundvelli** og raforkusparnaði sem nemur **59 GWst á ársgrundvelli**. Raforkusparnaðurinn samsvarar árlegri raforkunotkun um 15.000 heimila (með 4 MWst/ári í meðalnotkun) eða um 20.000 rafbíla (með 3 MWst/ári í meðalnotkun) sem nemur þreföldum fjölda þeirra bifreiða sem sjóðurinn styrkti á árinu.

Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda vegna styrkverkefna er talinn nema **52 kílótonnum af kolefnisígildum á ársgrundvelli** sem nemur um 2% af samfélagslosun Íslands á árinu 2024. Sjá samantekið að neðan.

Tafla 7 Áætlaður ávinningur vegna styrkveitinga árið 2025¹

Skipting	Olía (milljón L/ári)	Raforka (GWst/ári)	Samdráttur í losun GHL (kt CO ₂ íg/ári)
Beinir styrkir	12,7	-42	29,6
Fólks- og sendibílar	6,7	-22	15,1
Hóp- og vörubifreiðar	6,0	-20	14,5
Samkeppnishluti	9,9	101,2	22,7
Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita	1,2	80,6	3,0
Almenn auglýsing 2025*	8,7*	2,9	19,7
Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum I & II	-	17,8	-
Samtals	22,6	59,2	52,3

*Stór hluti olíusparnaðar innan þessa liðar tengist uppsetningu hleðsluinnviða og þeirri forsendu að hleðsluinnviðir auki rafvæðingargetu í samgöngum og stuðli að olíusparnaði. Taka ber þessari tölu með þeim fyrirvara.

Sé litið til ávinnings fyrir hverja styrkta krónu er árangur nokkuð misjafn eftir auglýsingum.

- **Olíusparnaður:** Mestur olíusparnaður fæst fyrir hverja styrkta krónu vegna almennrar auglýsingar 2025. Þar eru aðeins talin með þau verkefni sem fela í sér olíusparnað og er þá helst um að ræða uppbyggingu hleðsluinnviða fyrir rafbíla og aðra innviðauppbyggingu í tengslum við orkuskipti í samgöngum. Sé litið til beinna styrkja til kaupa á hreinorkuökutækjum má sjá að sjóðurinn greiddi nær tvöfalt meira fyrir hvern lítra af olíusparnaði vegna orkuskipta fólks- og sendibíla en fyrir olíusparnað vegna hóp- og vörubifreiða.

¹ Áætlaður ávinningur vegna nýsköpunarverkefna innan almennu auglýsingarinnar er ekki sýndur hér vegna óvissu um markaðshæfi og tilsvareandi ábata. Í nýsköpunarverkefnum felst engu að síður mikilvægt framlag til þekkingaröflunar og rannsókna innan geirans.

- **Raforkusparnaður:** Mestur raforkusparnaður fæst fyrir hverja krónu í átakswerkefninu *Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita* en þá eru greiddar um 11,9 kr. fyrir hverja kWst í raforkusparnað. Þó ávinningurinn sé minni en ávinningur verkefna í almennu auglýsingunni er líftími átakswerkefnisins *Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita* mun lengri enda er orkunotkun breytt varanlega til frambúðar. Taka ber samanburði á ávinningi almennu auglýsingarinnar og jarðhitaverkefna með þeim fyrirvara.

Sjá má ávinning í raforkusparnaði, olíusparnaði og samdrætti CO₂ig í töflu að neðan fyrir hverja styrkta krónu. Fjallað er nánar um núvirði orkusparnaðar í krónum talið í kafla 4.

Tafla 8 Samanburður á kostnaði við ávinning eftir auglýsingu.

	kr./kWst	kr./L af olíu	kr./kg CO ₂ ig
Beinir styrkir	-	658,0	282,4
Fólks- og sendibílar	-	844,9	375,5
Hóp- og vörubifreiðar	-	448,5	185,3
Samkeppnishluti	14,5	142,5	62,1
Styrkir til nýtingar og leitar að jarðhita	11,9*	268,0	110,7
Almenn auglýsing 2025	50,7	124,6	54,7
Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum	13,3	-	-

*Eins og kom fram að ofan er líftími orkusparnaðar í jarðhitaverkefnum mun lengri en í almennu auglýsingunni. Taka ber samanburðinum með þeim fyrirvara.

3.1 Beinir styrkir

Ávinningur vegna beinna styrkja felst fyrst og fremst í olíusparnaði en á móti eykst eftirspurn eftir raforku í samgöngum. Ef ökutækin hefðu gengið fyrir jarðefnaeldsneyti hefði árleg notkun þeirra numið um **12,7 milljón lítrum** af olíu en gróflega má áætla að rafmagnsnotkun fyrir tilsvaramandi keyrslu muni jafngilda **42 GWst á ársgrundvelli**.

Gert er ráð fyrir að meðalnotkun fólks- og sendibifreiða á ársgrundvelli nemi um 1.000 lítrum af olíu. Áætlaður olíusparnaður vegna beinna styrkja til rafknúinna fólks- og sendibíla nemur því um **6,7 milljón lítrum** af olíu á ársgrundvelli en áætlaður olíusparnaður vegna styrkja til hreinorku hópferða- og vörubifreiða byggir á tölum frá umsækjendum. Í heildina voru 453 umsóknir um slíka styrki samþykktar og nemur áætlaður olíusparnaður vegna þeirra bílakaupa alls **6 milljón lítrum** af olíu á ári. Sjá samtölu að neðan.

Tafla 9 Áætlaður olíusparnaður vegna rafbílastyrkja á árinu 2025.

	Fjöldi bíla	L/ári	GWst/ári	kr./L af olíu
Fólks- og sendibílar	6.724	6.724.000	-22	844,9
Hóp- og vörubifreiðar	453	5.993.763	-20	448,5
Alls	7.177	12.717.763	-42	658,0

3.2 Samkeppnishluti sjóðsins

Tölur um ávinning styrkverkefna í samkeppnishluta sjóðsins byggja á áætlun frá umsækjendum og því háð óvissu. Nánar er fjallað um ávinning hverrar úthlutunar í þar til gerðum skýrslum.

3.2.1 Raforkusparnaður

Áætlaður raforkusparnaður vegna styrkverkefna árið 2025 í samkeppnishluta er í heildina **101,2 GWst/ári**. Það samsvarar árlegri raforkunotkun um 25.000 heimila (með 4 MWst/ári í meðalnotkun) eða um 34.000 rafbíla (með 3 MWst/ári í meðalnotkun).

Tafla 10 Áætlaður raforkusparnaður vegna styrkverkefna sjóðsins 2025.

Auglýsing	Fjöldi verkefna	kWst/ári	kr./kWst
Almenn auglýsing 2025	24	2.897.567	50,7
Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum	21	17.757.819	13,3
Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita	6	80.568.669	11,9
Samtals	51	101.224.055	14,5

*Ávinningur fyrir hverja styrkta krónu er aðeins reiknaður út frá þeim fjármunum sem var varið í þau 51 verkefni í samkeppnishlutunum sem fela í sér raforkusparnað.

Mestur raforkusparnaður fæst vegna átaksverkefnisins *Jarðhiti jafnar leikinn: Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita* eða um 80,5 GWst/ári. Þar tengist orkusparnaður fyrst og fremst rekstri kyntra veitna. Auk þess má einnig nefna mögulegan ávinning vegna styrkja til jarðhitaleitar en þar sem slík verkefni eru háð mikilli óvissu er mögulegur ávinningur vegna þeirra ekki talinn með hér.

Í átaksverkefninu *Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum* fengu garðyrkjubændur styrki til að skipta út hefðbundnum HPS-lömpum fyrir LED-ljós og draga þannig verulega úr raforkunotkun í ylrækt. Í heildina nemur áætlaður raforkusparnaður vegna þeirra verkefna um 17,8 GWst/ári.

Í almennri auglýsingu sjóðsins árið 2025 voru alls 24 verkefni sem fela í sér raforkusparnað eða raforkuframleiðslu og nemur heildar raforkusparnaður eða framleiðsla um 2,9 GWst/ári. Verkefnin féllu öll undir áhersluflokkinn *Orkuskipti í rekstri eða orkusparnaður* og sneru að sjálfbærri raforkuframleiðslu, til dæmis með birtuorku eða vatnsafli. Þá má einnig nefna að í flokknum *Innleiðing nýrrar tækni eða nýsköpun* var eitt styrkverkefni sem gaf upp áætlaðan raforkusparnað sem nemur 12,5 GWst/ári. Eins og áður kom fram er sá sparnaður ekki talinn með hér vegna óvissu um afdrif og markaðshæfi nýsköpunarverkefna. Verði nýsköpunarverkefnin ekki að veruleika felst þó í þeim mikilvægt framlag til þekkingaröflunar og rannsókna innan geirans.

3.2.2 Olíusparnaður

Auk ofangreinds áætlaðs raforkusparnaðar nemur áætlaður olíusparnaður vegna styrkverkefna í samkeppnishluta sjóðsins um **9,9 milljón lítrum** á ári. Það samsvarar árlegri notkun um 9.895 bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti (meðalnotkun um 1.000 L/ári).

Tafla 11 Áætlaður olíusparnaður í samkeppnishluta sjóðsins.

Auglýsing	Fjöldi verkefna	L/ári	kr./L af olíu
Almenn auglýsing 2025*	56	8.654.799	124,6
Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita*	4	1.240.000	268,0
Samtals	60	9.894.799	142,5

*Ávinningur fyrir hverja styrkta krónu er aðeins reiknaður út frá þeim fjármunum sem var varið í þau 60 verkefni í samkeppnishlutanum sem fela í sér olíusparnað.

Olíusparnaður í almennri auglýsingu sjóðsins árið 2025 var vegna styrkverkefna í áhersluflokkunum *Orkuskipti í samgöngum* og *Orkuskipti í rekstri og orkusparnaður*. Auk þess voru fjögur verkefni í flokknum *Innleiðing nýrrar tækni eða nýsköpun* sem gáfu upp áætlaðan olíusparnað fyrir samtals 19,4 milljón lítra á ári. Eins og áður kom fram er sá sparnaður ekki talinn með hér vegna óvissu um afdrif nýsköpunarverkefna. Verði nýsköpunarverkefnin ekki að veruleika felst þó í þeim mikilvægt framlag til þekkingaröflunar og rannsókna innan geirans.

3.2.3 Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Áætlaður samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda tengist fyrst og fremst olíusparnaði orkuskiptaverkefna. Alls má áætla að samdráttur í losun nemi **52.334 tonnum** CO₂-íg/ári vegna styrkveitinga ársins 2025 verði þau öll að veruleika. Það samsvarar um 1,8% af allri samfélagslosun Íslands árið 2024 eða 5,8% af allri losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum sama ár².

Fyrir orkuskipti í samgöngum (fólks- og sendibíla og uppbyggingu hleðsluinnviða) er notast við meðaltal losunarstuðla Umhverfis- og orkustofnunar³ fyrir bensín og dísilolíu til að áætla samdrátt í losun CO₂-íg miðað við olíusparnað samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$[\text{Olíusparnaður, L}] \times (2,25 \text{ kg CO}_2\text{-íg/L})$$

Á þetta við um áætlaðan olíusparnað vegna beinna rafbílastyrkja sem og styrkverkefna í almennri auglýsingu sjóðsins sem falla undir áhersluflokkinn *Orkuskipti í samgöngum*.

² [Samantekt um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi — Umhverfis- og orkustofnun](#)

³ [Losunarstuðlar — Umhverfis- og orkustofnun](#)

Fyrir orkuskipti hóp- og vörubifreiða, verkefni sem tengjast orkuskipti í rekstri og olíusparnaði í tengslum við rekstur kyntra veitna er notast við losunarstuðul Umhverfis- og orkustofnunar fyrir dísilolíu. Áætlaður samdráttur er reiknaður með eftirfarandi hætti:

$$[\text{Olíusparnaður, L}] \times (2,42 \text{ kg CO}_2\text{-íg/L})$$

Þetta á við um verkefni í almennri auglýsingu sjóðsins sem falla undir áhersluflokkinn *Orkuskipti í rekstri eða orkusparnaður*.

Tafla 12 Áætlaður samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda.

	Olíusparnaður (L/ári)	kg CO ₂ íg/ári	kr./kg CO ₂ íg
Fólks- og sendibílar	6.724.000	15.129.000	375,5
Hóp- og vörubifreiðar	5.993.763	14.504.906	262,6
Almenn auglýsing 2025	8.654.799	19.699.658	54,7
<i>Orkuskipti í samgöngum</i>	<i>7.323.267*</i>	<i>16.477.350</i>	<i>46,4</i>
<i>Orkuskipti í rekstri eða orkusparnaður</i>	<i>1.331.532</i>	<i>3.222.307</i>	<i>97,5</i>
Styrkir til nýtingar og leitar á jarðhita	1.240.000	3.000.800	110,7
Samtals	22.612.562	52.334.364	


*Stór hluti olíusparnaðar innan þessa liðar tengist uppsetningu hleðsluinnviða og þeirri forsendu að hleðsluinnviðir auki rafvæðingargetu í samgöngum og stuðli að olíusparnaði. Taka ber þessari tölu með þeim fyrirvara.

Auk ofangreinds ávinnings má nefna að í floknum *Innleiðing nýrrar tækni eða nýsköpun* í almennri auglýsingu sjóðsins er áætlaður samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda um 59.261 tonn CO₂-íg/ári samkvæmt upplýsingum frá umsækjendum. Í ljósi þess að mikil óvissa ríkir um niðurstöður og árangur nýsköpunarverkefna og hvort áætlaður ávinningur raungerist er sá áætlaði samdráttur ekki talinn fram hér.

4 Kostnaðarskilvirkni og ábati

Áhugavert er að meta gróflega hagrænt virði olíu- og raforkusparnaðar vegna styrkra verkefna og vega upp á móti kostnaði sjóðsins. Hagrænt virði er hér metið út frá markaðsvirði orkunnar. Miðað er við algengt verð eldsneytis með fullum virðisaukaskatti (hér sett 250 kr.) og algengt verð á raforku á landsvísu (hér sett 20 kr./kWst). Ábatinn er núvirtur til 15 ára með 3,5% raunávöxtunarkröfu og gert ráð fyrir að umferð og orkunotkun aukist um 2,5% á ári að meðaltali í samræmi við hagvöxt í meðalári. Horft er fram hjá mögulegum jákvæðum ytri áhrifum af orkusparnaði t.d. hagvaxtaráhrifum eða áhrifum vegna minni innflutnings á olíu. Ekki er gerð tilraun til að meta virði samdráttar í losun GHL t.d. út frá markaðsvirði á alþjóðamörkuðum heldur gert ráð fyrir að hagrænt virði losunar endurspeglar að mestu í kolefnisgjöldum innanlands. Ekki er gert ráð fyrir raunverðshækkunum í virði orku til 15 ára. Að ofansögðu er líklegt að ábatinn á næstu síðu sé vanmetinn fremur en ofmetinn.

Samkvæmt þessu má áætla að sjóðurinn hafi stuðlað að olíu- og raforkusparnaði til 15 ára (hér eftir „ábatí“) sem verðmeta má til **93 milljarða króna á núvirði. Um tveir þriðju hlutar ábatans falla til vegna samkeppnisverkefna eða 61 ma.kr. og einn þriðji hluti vegna beinna styrkja til ökutækja eða 32 ma.kr. Sjá mynd að neðan.**



Mynd 2 Áætlað markaðsvirði olíu- og raforkusparnaðar í milljörðum króna, núvirt til 15 ára.

Áætlaður ábati vegna olíu- og raforkusparnaðar er rúmlega 8-faldur á við kostnað sjóðsins vegna styrktra verkefna. Samkeppnisverkefnin eru þar metin langsamlega arðbærust en ábati vegna samkeppnisverkefna er metinn 24-faldur á við kostnað sjóðsins, þar af 25-faldur á við kostnað vegna jarðhitaverkefna⁴, 24-faldur vegna almennrar auglýsingar og 20-faldur vegna orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum. Ábati vegna beinna styrkja til ökutækja er metinn tæplega 4-faldur á við kostnað sjóðsins, þar af um 3-faldur á við kostnað vegna beinna styrkja til fólks- og sendibíla og rúmlega 5-faldur á við kostnað vegna styrkja til hóp- og vörubifreiða. Áhugavert er að ábati vegna styrkja til hóp- og vörubifreiða er metinn hlutfallslega um 80% meiri en vegna styrkja til fólks- og sendibíla. Sjá töflu að neðan.

Tafla 13 Markaðsvirði orkusparnaðar vegið á móti styrkkronu*.

Liður	Kostnaður	Ábati			Ábati á móti kostnaði
		Olíu-sparnaður	Raforku-sparnaður	Alls	
Beinir styrkir	8,6	43	-11	32	3,7
Fólks- og sendibílar	5,7	23	-6	17	2,9
Hóp- og vörubifreiðar	2,9	20	-5	15	5,2
Samkeppnishluti	2,6	34	27	61	23,9
Nýtingar og leit á jarðhita	1,0	4	22	26	25,1
Almenn auglýsing 2025	1,3	29	1	30	23,6
Orkusparandi aðgerðir í gróðurhúsum	0,2	0	5	5	20,4
Samtals	11,1	77	16	93	8,3

*Kostnaður verkefna tekur til heildarkostnaðar þ.e. allra styrkvilyrða óháð því hvort styrkur hafi verið skuldbundinn innan ársins 2025 eða snemma á árinu 2026.

⁴ Líklegt er að ábatinn hér sé verulega vanmetinn enda orkunotkun breytt varanlega til framtíðar ólíkt mörgum verkefnum innan almennu auglýsingarinnar. Til að gæta að samkvæmni eru 15 ár þó valin fyrir öll verkefni.

Að ofansögðu má draga þá ályktun að ábatasömustu verkefni sjóðsins á árinu hafi verið innan samkeppnishlutans og æskilegt sé að kortleggja fleiri verkefni á því sviði til framtíðar og forgangsraða fjármunum til samkeppnisverkefna. Einnig er mikilvægt að leita leiða til að hraða frekar rafvæðingu hóp- og vörubifreiða á landvísu. Horfa ætti hér til orkuflæðireikninga og hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa eftir atvinnugreinum. Sú mynd bendir til að mikil tækifæri fyrir sjóðinn séu m.a. innan landbúnaðar og byggingastarfsemi. Sjá töflu að neðan.

Tafla 14 Orkuflæðireikningar árið 2024.

Liður	Hlutdeild endurnýjanlegrar orku	Hlutdeild heildarorkunotkunar
Samtals	66%	100%
Samtals fyrir heimilin	76%	17%
Samtals fyrir atvinnugreinar	64%	83%
T - Atvinnurekstur innan heimilis,	100%	0%
D - Rafmagns-, gas- og hitaveitur	99%	2%
P - Fræðslustarfsemi	99%	1%
Q - Heilbrigðis- og félagsþjónusta	98%	1%
S - Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	98%	1%
J - Upplýsingar og fjarskipti	98%	1%
R - Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfs.	97%	0%
O - Opinber stjórnsýsla ofl.	96%	1%
I - Rekstur gististaða og veitingarekstur	96%	1%
M - Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfs.	95%	1%
G - Heild- og smásöluverslun	93%	5%
L - Fasteignaviðskipti	92%	1%
C - Framleiðsla	90%	37%
E - Vatnsveita, fráveita...	76%	0%
N - Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	70%	1%
K - Fjármála og váttryggingastarfsemi	70%	1%
A - Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	42%	9%
B - Námuþróttur og vinnsla hráefna úr jörðu	25%	0%
F - Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	21%	2%
U - Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt	9%	0%
H - Flutningar og geymsla	7%	19%